



# LÍFSGILDI

Lífsstíll, hegðun og neysla okkar mótast m.a. af gildum okkar. Fyrir hvað stöndum við? Hvað er það sem við metum í fari annarra og myndum vilja hafa sjálf? Hver eru lífsgildin okkar?

## Markmið:

Að þátttakendur velti því fyrir sér fyrir hvað hann sem einstaklingur stendur og hver lífsgildi hans eru  
Að þátttakendur hugleiði og ræði hvaða lífsgildi það eru sem við ættum helst að rækta og efla með okkur til að stuðla að sjálfbærri þróun

Að þátttakendur skoði hvernig væri hægt að stuðla að eflingu þessara gilda í okkar samfélagi

1

Fyrst er farið í einstaklingsverkefni: Þátttakendur fá lista með mörgum mismunandi lífsgildum, bæði jákvæðum og neikvæðum. Hver og einn á að velja þau 6 gildi sem hann/hún/hán vill hafa að leiðarljósi í sínu lífi og í samfélaginu. Farið er hringinn og öll segja frá sínum gildum.

2

Síðan er farið í umræður: Hvaða lífsgildi ættum við helst að rækta og efla með okkur til að stuðla að sjálfbærri þróun? eru þessi lífsgildi ráðandi í dag í okkar samfélagi? Ef ekki hvaða önnur lífsgildi eru ráðandi? Hvað veldur því að þessi lífsgildi eru ráðandi?

3

Í lokin er farið í hópavinnu: Í litlum hópum búa nemendur til hugarkort með hugmyndum um það hvernig væri hægt að stuðla að eflingu þeirrar gilda sem eru í anda sjálfbærrar þróunar.

## Dæmi um gildi sem leggja má fyrir þátttakendur

Viska  
Réttlæti  
Efnishyggja  
Hugrekki  
Græðgi  
Hófsemi/nægjusemi  
Trú  
Von

Níska  
Kærleikur  
Glaðlyndi  
Sviksemi  
Samkennd  
Hjálpsemi  
Hroki  
Sanngirni